# 3 Svefnherbergi Þakíbúð - Penthouse in Las Colinas Golf

Ref: P611

**1.195.000 €**







**Tegund eignar :** Þakíbúð - Penthouse

**Bæjarfélag / Hverfi :** Las Colinas Golf

**!zona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 3

**Baðherbergi :** 4

**Byggingarár :** 2024

**Sundlaug :** Einka

**Garður :** Í sameign

**Eignin snýr :** til suðurs

**Útsýni :** Golfvöllur - Náttúra

**Bílastæði :** Bílastæðakjallari

| | |
|---|---|
| **Fermetra stærð eignar :** | 151,5 m² |
| **Stærð verandar :** | 31,51 m² |
| **Stærð þaksvala :** | 64,31 m² |
| **Flugvöllur :** | 51 |
| **Strönd :** | 15 |
| **Borg :** | 15 |
| **Golf :** | 2 |

- ✓ Geymsla
- ✓ Lyfta
- ✓ Heimilistæki
- ✓ Hiti í gólfi
- ✓ Verönd
- ✓ Loftkæling
- ✓ Arinn
- ✓ Þaksvalir

Einstaklega fallegar og vandaðar íbúðir í nýrri íbúðarbyggingu við hinn glæsilega golfvöll, Las Colinas Golf.
Íbúðin sem um ræðir er með 3 svefnherbergjum og 4 baðherbergjum. Rúmgott alrými með fullbúnu eldhúsi með hágæða heimilistækjum, borðstofu og stofu með stórglæsilegum innbyggðum vínskáp og ethanol arni, úr stofunni er svo gengið út á stórar svalir með fallegu útsýni en einnig er gólfhiti í allri íbúðinni. Á glæsilegum þaksvölunum er svo stórkostleg sér sundlaug. Aðgangur að glæsilegri líkamsrækt á neðstu hæð fylgir en þar er einnig að finna sánu, sem og upphitaða sundlaug í sameiginlegum garði.
Sér bílastæði í bílakjallara fylgir einnig sem og þvottahús innan íbúðar.
Með íbúðum á jarðhæð fylgir einnig sér sundlaug.
Bjóðum einnig upp á íbúðir með 3 svefnherbergjum í þessari glæsilegu íbúðarbyggingu.
Las Colinas hverfið sem staðsett er suður af Alicante státar af einstöku náttúrusvæði og hefur undanfarin ár hlotið viðurkenninguna „Leading Villa Resort of Spain and Europe“ sem veitt eru af World Travel Awards. Í hjarta hverfisins er svo að finna hinn margverðlaunaða Las Colinas Golfvöll sem 5 sinnum hefur verið valinn besti golfvöllur Spánar.
Þar er einnig að finna hinn metnaðarfulla Las Colinas Golf and Country club þar sem hægt er að njóta bæði matar og drykkja á glæsilegum veitingastöðum eða notið þess sem Las Colinas heilsuræktin hefur upp á að bjóða.
Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla í Sierra de Escalona náttúruverndar svæðinu sem umkringir Las Colinas, en þar er að finna mikið náttúrulíf. Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m2 verslunarhúsnæði, að ógleymdri heilbrigðisþjónustu hins margrómaða
Torrevieja spítala sem er í 20 mínútna ökufjarlægð að heiman.
Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.
Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!